

Fyrirspurn

til dómsmálaráðherra um starfsemi lögreglunnar í Reykjavík.

Frá Guðjóni Ólafi Jónssyni.

1. Hversu margir lögreglumenn hafa að jafnaði verið í fullu starfi hjá embætti lögreglustjórans í Reykjavík á árunum 1998–2003, sundurliðað eftir árum:
 - a. í almennri deild,
 - b. í rannsóknardeild,
 - c. í öðrum deildum?
2. Hversu mörgum lögreglumönnum í fullu starfi hefur ráðherra og/eða ríkislögreglustjóri gert ráð fyrir hjá embættinu á árunum 1998–2003, sundurliðað eftir árum?
3. Hversu margir hafa lögreglumenn í Reykjavík verið á hverja 1.000 íbúa á árunum 1998–2003, sundurliðað eftir árum?
4. Hversu marga lögreglumenn hefur lögreglustjórinn í Reykjavík óskað eftir að hafa í fullu starfi á árunum 1998–2003, sundurliðað eftir árum?
5. Hversu mörg mál hafa komið til kasta lögreglunnar á árunum 1998–2003, sundurliðað eftir árum?
6. Hversu margir lögfræðingar hafa verið í fullu starfi í lögfræðideild embættis lögreglustjórans í Reykjavík á árunum 1998–2003, sundurliðað eftir árum?
7. Hver voru afdrif mála sem komu til kasta lögreglunnar í Reykjavík á árunum 1998–2002, sundurliðað eftir árum?
8. Hversu margar ákærur gaf lögreglustjórinn í Reykjavík út á árunum 1998–2002, sundurliðað eftir árum? Hversu mörgum málanna lauk með viðurlagaákvörðun, hversu mörgum með dómi sem játningarmálum og hversu mörgum með dómi að undangenginni aðalmeðferð?
9. Hversu miklu fé var varið til rekstrar embættis lögreglustjórans í Reykjavík á árunum 1998–2003 á föstu verðlagi, sundurliðað eftir árum?

Skriflegt svar óskast.